



Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 29. apríl 2016

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld, þ.m.t. tryggingagjald, mál nr. 667.

Samtök iðnaðarins fagna því að tryggingagjald lækki samkvæmt frumvarpinu um 0,5 prósentustig frá 1. júlí 2016. Lækkun gjaldsins er brýnt hagsmunamál iðnaðarins og leggst sérstaklega þungt á fyrirtæki með hátt launahlutfall og mikinn innlendan virðisauka.

Í skýringum með frumvarpinu kemur fram að stjórnvöld „hyggist beita sér fyrir frekari lækkun tryggingagjalds á komandi árum.“ Að mati samtakanna er ekkert því til fyrirstöðu að sambærileg lækkun verði einnig lögfest fyrir árin 2017 og 2018 líkt og samkomulag stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins frá janúar sl. gerir ráð fyrir. Atvinnulífið hefur gert krefjandi kjarasamninga þrjú ár fram í tímann og fyrir liggur að framlag atvinnurekenda í lífeyrissjóði mun hækka samkvæmt þeim. Það að lögfesta ekki umsamda lækkun á tryggingagjaldi fyrir árið 2017 eykur á óvissu og dregur úr fyrirsjáanleika.

Að mati samtakanna er tryggingagjaldið þegar of hátt m.v. þau útgjöld sem gjaldið á að standa undir. Mikilvægt er að gjaldinu verði komið í fyrra horf áður en samningstími rennur út.

Varðandi önnur ákvæði frumvarpsins gera samtökin ekki athugasemdir. Þau hafa það að markmiði að einfalda skattkerfið. Er það í fullu í samræmi við stefnu og áherslur samtakanna.

Virðingarfyllt,

F.h. Samtaka iðnaðarins

Bjarni Már Gylfason
Hagfræðingur SI